



**UST**

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Stórhúsar Þórvíkur 24  
IS-103 Reykjavík, Iceland

Tel: +354 591 2000  
Fax: +354 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 3. september 2007  
Tilvísun: UST20070800107/bs

## **Spennuhækkun Kröflulínu 2. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. ágúst 2007 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að hækka núverandi háspennulínu Kröflulínu 2 um 1-3 metra. Skipt verður um slár og einangrarakeðjur verða lengdar. Talið er að skipta þurfi út um 5 % staura.

Línan liggur frá spennivirki við Kröflu um Mývatnsöræfi austur yfir Jökulsá á Fjöllum um Möðrudalsfjallgarða og um Jökuldals- og Fljótsdalsheiðar að spennivirki í Fljótsdal.

Í gráfum dráttum er línustæðið að mestu á litt grónu eða ógrónu hrauni, melum og söndum. Á Jökuldals- og Fljótsdalsheiðum liggur línan hins vegar víða um gróið land og votlendi.

Kröflulína liggur um austurjaðar vatnasviðs Mývatns og Laxár sem nýtur verndar samkvæmt lögum nr. 97 frá 9. júní 2004 um verndun Mývatns og Laxár. Einnig liggur línan um nútímahraun og votlendi, en samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal forðast röskun þessara fyrirbæra eins og kostur er.

Við byggingu Kröflulínu voru ekki lagðir malarbornir vegir meðfram línumni. Ekki er við endurbyggingu línumnar ráðgert að leggja vegin, heldur verður ekið eftir troðningum sem myndast hafa við akstur vinnuvéla og ökutækja. Þessi vinnubrögð voru viðhöfð þegar línan var byggð og á þennan hátt hefur vrið farið með línumni til að sinna eftirliti og viðhaldi. Til að takmarka rask eins og kostur er gerir Landsnet ráð fyrir að fara um viðkvæmustu hluta framkvæmdasvæðisins á frosinni jörð.

**Áhrif framkvæmdarinnar:** Kröflulína mun að framkvæmdum loknum verða nokkuð meira áberandi vegna hækkunar línumnar og lengri einangrarakeðja. Sjónræn áhrif verða að teljast lítil þar sem hér er um viðbót við mannvirki sem fyrir er. Umhverfisstofnun hefur lagt áherslu á að við mannvirkjagerð verði reynt að nýta mannvirkjabelti sem fyrir eru eins og kostur er. Þessi framkvæmd fellur því vel að þeirri áherslu.

Nú þegar er fært ökutækjum með línumni þar sem hún liggur um hraun. Því er ekki ástæða til að ætla að áhrif framkvæmdarinnar á hraun verði umfram þau áhrif sem þegar hafa fram komið við byggingu og viðhald línumnar. Eitthvað rask á votlendi verður að líkendum óhjákvæmilegt. Ef vel verður að verki staðið ættu þau áhrif að verða tímabundin. Landsnet mun leitast við að draga úr raski með því að vinna verkið eins og kostur er meðan jörð er


frosin. Umferð meðfram línunni verður einnig minni en við nýbyggingar þar sem endurnýting víra gerir útdrátt víra óþarfán. Áhrif á gróður verða tímabundin ef vel verður að verki staðið. Umhverfisstofnun telur að forðast eigi að raska hjá rústum í Hákonarstaðaflóa eins og kostur er.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að hluta innan vatnsverndarsvæðis Mývatns og Laxár. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu skal forðast að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árinnar, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns. Að mati Umhverfisstofnunar eru ekki líkur að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa áhrif á verndargildi framangreinds vatnsverndarsvæðis.

**Niðurstaða:** Umhverfisstofnun telur að Kröflulína 2 muni taka óverulegum breytingum við þá endurbýggingu línunnar sem fyrirhuguð er. Möguleg umhverfisáhrif eru að mestu leytí háð þeim vinnubrögðum sem viðhöfð verða við framkvæmdina. Umhverfisstofnun telur að ef staðið verði að ofangreindri framkvæmd á þann hátt sem lýst er í skýrslu Landsnets megi takmarka jarðrask á viðkvæmum svæðum verulega og tryggja að áhrifin verði tímabundin. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegelt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefansson  
Björn Stefansson

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður